

Tuttugasti og fyrsti fundur nefndar. Haldinn í Austurstræti 8 (nefndarsviði Alþingis), dags. 05.11.2019. Fundur hófst kl. 11:35.

Fundinn sátu: Óli Halldórsson, Vilhjálmur Árnason, Hanna Katrín Friðriksson, Steingrímur J. Sigfússon, Margrét Hallgrímsdóttir, Bergþór Ólason, Dagbjört Jónsdóttir, Inga Sæland

Forföll: Halldóra Mogensen, Líneik Anna Sævarsdóttir, Valtýr Valtýsson, Guðmundur Andri Thorsson

Fundagerð ritaði: Steinar Kaldal, verkefnisstjóri.

Þetta gerðist:

1. Lokaskýrsla nefndar

Nefndin fór yfir drög að lokaskýrslu og skoðaði samantekt athugasemda sem borist hafa í samráðsgátt. Við yfirferð skýrslunnar á fundinum komu fram nokkrar athugasemdir um viðbætur eða lagfæringar á texta sem formanni og verkefnisstjóra var falið að vinna úr.

Nefndin hefur stefnt að skýrsluskilum 18. nóvember en á fundinum komu upp sjónarmið um að nefndarfólk gæti þurft eitthvað lengri tíma til að lesa yfir skýrslu og ræða hana við baklönd. Formaður fór yfir ferlið í vinnunni við skýrsluna, þ.m.t. að öll efnisatriði hefðu fengið umfjöllun og kynningu jafn óðum á starfstíma nefndar. Þá væri einnig búið að bregðast við athugasemdum jafn óðum sem fram hefðu komið í samráðinu frá því að fyrstu textadrög voru sett í samráðsgátt. Á þessum tíma undir verklok nefndarinnar væri verkefnið öðru fremur að draga saman öll textadrög nefndar, sem hún hefur unnið að, í lokaskýrslu auk þess að yfirfara síðustu athugasemdir úr samráðsgátt. Ákveðið að halda óbreyttri stefnu um að ljúka við skýrsluna, en ræða stöðuna á næsta fundi nefndar, sem formaður lagði til að yrði 12. nóvember.

Ákveðið að halda næsta fund 12. nóvember. Lokaskýrsla auk samantekt athugasemda væri á vinnusvæði nefndar og nefndarmenn gætu komið með tillögur í texta beint til formanns/verkefnisstjóra í tölvupósti. Á þessum fundi verði einnig tekin lokaákvörðun um frágang skýrslunnar og tilhögun nefndarinnar við hann.

Fleiri gerðist ekki og var fundi slitið 13:00